



# Ársskýrsla

## Samantekt um árið 2007

### Starfsáætlun 2008



## Efnisyfirlit

<b><u>INNGANGUR</u></b> .....	<b>3</b>
<b><u>GRUNNSTARFSEMI</u></b> .....	<b>4</b>
STOFNAÐILAR VISKU .....	4
STJÓRN VISKU .....	4
<b><u>SAMANTEKT Á ÁRINU 2006</u></b> .....	<b>5</b>
HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR .....	5
SÍ- OG ENDURMENNTUN .....	5
ÞÁTTAKA Á NÁMSKEIÐ .....	5
VIKA SÍMENNTUNAR .....	8
<b><u>SAMSTARFSADILAR NÁMSKEIÐAHALDS</u></b> .....	<b>8</b>
KVASIR.....	9
LEIKN .....	9
FS-NETIÐ OG MENNTABRÚ .....	9
COMBAR.....	10
ANNAÐ SAMSTARF .....	10
<b><u>STARFSÁÆTLUN 2007</u></b> .....	<b>10</b>
NÁMSKEIÐAHALD.....	10
<b><u>FJARNÁM</u></b> .....	<b>11</b>
FJARNÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI.....	11
FJARNÁM Á HÁSKÓLASTIGI .....	11
HÁSKÓLAHÁTÍÐ .....	11
MÝND 3.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SAMSTARFSADILAR UM FJARNÁM.....	12
<b><u>SÉRVERKEFNI</u></b> .....	<b>12</b>

## Fylgiskjöl

## Inngangur

Í skýrslu Visku fyrir árið 2007 verður gerð grein fyrir þeirri fræðslustarfsemi sem Viska Fræðslu- og símenntunarmiðstöð í Vestmannaeyjum kom að seinni hluta ársins 2007. Einnig verður starfsáætlunar fyrir árið 2008 getið.

Viska leigir aðstöðu í Setrinu og kaupir með henni þjónustu við símvörslu, þrif, póst og ljósritun sem og bókhald, reikningshald og fleiri verkefni sem til falla. Ritari Rannsóknasetursins er enn sem fyrr Margrét Hjálmarsdóttir.

Viska enn afnot af kennslustofu á jarðhæð Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum. Sú aðstaða var mikið notuð á haustönn 2007 en minna á vordögum 2008. Ekki hefur verið krafist leigu fyrir stofuna síðan seinni hluta árs 2007 sökum þess að FÍV hefur einnig notað stofuna. Þar á móti greiðir framhaldsskólinn ekki fyrir not af fjarfundabúnaði.

## Grunnstarfsemi

### Stofnaðilar Visku

Vestmannaeyjabær og skólar  
Sparisjóður Vestmannaeyja  
Ísfélag Vestmannaeyja  
Vinnslustöðin hf.  
Tölvuskóli Vestmannaeyja ehf.  
Tölvun ehf.  
Eyjasýn ehf.  
Skipalyftan hf.  
Drifandi stéttarfélag  
Verslunnarmannafélag Vestmannaeyja  
Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar  
Verkstjórafélag Vestmannaeyja  
Sveinafélag járníðnaðarmanna  
Heiðbrigðisstofnun Vestmannaeyja  
*Stjórnunarfélag Vestmannaeyja*  
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum  
Háskóli Íslands (samstarfsnefnd HÍ og Vey)  
Háskólinn á Akureyri

### Stjórn Visku

Arnar Sigurmundsson formaður  
Gunnar Gunnarsson varaformaður  
Baldvin Kristjánsson  
Páll Marvin Jónsson  
Borghór E. Pálsson

### Varamenn

Guðrún Erlingsdóttir  
Davíð Guðmundsson  
Helga Björk Ólafsdóttir

Stjórn Visku hélt sjö bókaða fundi frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 23. maí 2007.

Aðalfundur Visku miðvikudaginn 21. maí 2008  
Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

Endurskoðandi: Deloitte

Skoðunarmenn: Hörður Óskarsson og Guðrún Erlingsdóttir

## Samantekt á árinu 2007

### Húsnæði og búnaður

Viska hefur sem fyrr aðsetur í Rannsókn- og fræðasetrinu Strandvegi 50 3. hæð. Alls hefur Viska þá til umráða í Setrinu skrifstofu, tvær kennslustofur, nemendaeldhús og aðgang að fundarherbergi til smærri funda og hópvinnu. Afstúkaða fundaaðstaðan hefur nýst afar vel allt síðasta ár því þar hafa verið haldnir all margir fundir en þar hafa nema líka hreiðrað um sig heil og hálfu dagana við lærdóm. Þessi notkun nema á rýminu segir okkur að þörf er á að auka vinnurými eða lærdómsaðstöðu háskólanema/fjarnema.


### Sí- og endurmenntun

Námskeiðahald að hausti hófst með útgáfu Námsvísis og kynningu tengdri útgáfunni. Námsvísir Visku er sem fyrr gefinn út í upphafi vor- og haustannar. Kynning á hlutverki og starfsemi Visku í Vestmannaeyjum hefur skilað því að Viska er nú sjálfsagður og þekktur þáttur í bæjarlífinu. Starfsemin hefur aukist og um leið þróast og og tekið breytingum í takt við eftirspurn. Vinsælustu námskeið síðasta vetur hafa verið íslenskunámskeið fyrir útlendinga og starfstengd námskeið, vottuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Einnig hefur námskeiðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands fjölgað nokkuð.

Eins og fyrr sagði eru starfstengd námskeið, sem veita einingar til framhaldsnáms þau námskeið sem mesta eftirspurn hafa. Fjölmennasta og jafnframt eitt af stærri námskeiðum á haustönn er tvímælalaust 30 tonna skipstjórnarréttindanámið sem unnið var í samstarfi við FÍV. Það námskeið sátu einnig namar staðsettir á Dalvík. Enn eru það samt ýmist einstaklingar eða aðrar fræðslustofnanir sem sótt er til við almennt námskeiðahald. Haustönnin þóttist takast ágætlega til eins og sjá má á eftirfarandi myndum og getið verður frekar hér á eftir undir einstökum liðum.


### Þátttaka á námskeið

Árið 2007 hélt Viska alls 27 námskeið. Rétt er að geta þess að sum námskeiðanna voru haldin oftár en einu sinni en teljast samt eitt þrátt fyrir það og er það vegna skráningarkerfisins.



Mynd 1. Fjöldi námskeiða hjá Visku á árunum 2003-2007

Ef mynd 2 er skoðuð má sjá hver þátttaka er á námskeið hjá Visku er á árinu 2007. Heldur virðist vera um fækkun að ræða en eðli málsins er að mörg námskeiða fara eingöngu í gegnum fjarfund og er skráning þá hjá þeim aðila sem heldur námskeiðið og ekki er alltaf skráning hjá Visku líka. Vel má athuga að hafa skráninguna tvöfalda en þá er ekki um greiðslu fyrir námskeið hjá Visku heldur er innheimt gjald fyrir fjarfund hjá aðilanum sem sendir út námskeiðið til Eyja.




Mynd 2 Heildarfjöldi einstaklinga sem sóttu námskeið Visku árin 2003-2007

Árið 2003 var frumár og starfsemin hófst ekki sem skyldi í skipulögðu námsekiðahaldi fyrir en á haustönninni. Árin tvö þar á eftir má sjá að þátttakendum fjölgar jafnt og þétt. Árið 2007 breyttist eðli námskeiða töluvert. Meira var um lengri námskeið allt um og yfir hundrað stunda námkskeið en færri styttri námskeið. Reynsla þeirra símenntunarmiðstöðva sem hófu starfsemi nokkuð fyrir en Viska hefur bent á að á vissum tímavörðum dregur úr þátttöku á námskeiðum. Ekki


hefur það reynt raunin í starfseminni árið 2007. Þátttaka á vorönn 2008 sýnir þó aðeins samdrátt í þátttöku á tólmstundanámskeiðum.

Munur á þátttakendum eftir kyni helst nokkuð stöðugur, þ.e konur eru í töluverðum meirihluta. Þetta er svipað og gerist annars staðar á landinu og hefur verið til umræðu hjá starfsfólki símenntunarmiðstöðvanna. Leita þarf leiða til að fjölga námskeiðum sem falla að áhuga eða þörfum karlmannna jafnt sem kvenna.



Mynd 3 Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Visku árin 2003-2007

Árið 2004 voru námskeiðin samtals 1857 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 11.071 árið 2007.



Mynd 4 Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Visku árin 2003-2007

Eru allar þær upplýsingar sem hér hafa verið sýndar að ofan unnar upp úr skráningarkerfi Visku sem kallast Kópur. Nú liggur hins vegar fyrir að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er að láta hana skráningarkerfi sem verður miðlægt og sameiginlegt öllum símenntunarmiðstöðvunum. Það mun og hafa tengingu við skráningarkerfi framhaldsskólanna sem kallast Inna. Á þann hátt verður einfaldara að flytja einingar sem og aðrar upplýsingar á milli stofnana við flutning einstaklinga sem sótt hafa námskeið hjá símenntunarmiðstöðvunum.

### **Vika símenntunar**

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina viku á ári. Hefur ráðuneytið falið Mennt – samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla að sjá um framkvæmd og skipulagningu vikunnar í landinu. Mennt hefur fengið fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni til að annast vikuna hvert á sínu svæði. Nú er það svo að Mennt hefur verið lögð niður. Því hefur skipulagning viku símenntunar verið í höndum Stefáns Stefánssonar í menntamálaráðuneytinu ásamt starfsfólki símenntunarmiðstöðvanna og Starfsmenntaráðs. Fjármagn til Vikusímenntunar kemur sem fyrr frá Menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði.

Í Vestmannaeyjum var vika Símenntunar haldin mánaðamótin síðustu vikuna í september eins og víðast hvar á landinu.

Á landsvísu var efnt til kynningarherferðar í fjölmiðlum um mikilvægi símenntunar, auk þess sem kynningar voru á vefsíðu Viku símenntunar ([www.mennt.net/simenntun/](http://www.mennt.net/simenntun/)) veggspjöldum o.fl. Á fundi eftir viku símenntunar voru sammála um að breyta þurfi auglýsingaherferð vikunnar því veggspjöld séu ekki sá auglýsingamáttur sem var fyrr.

Í Vikunni var einnig lögð rík áhersla á almenna hvatningu til fræðsluaðila og fyrirtækja að kynna innan fyrirtækja námskeið og ráðgjöf fyrir þá sem hafa litla eða enga formlega menntun. Er það sá markhópur sem símenntunarmiðstöðvarnar munu halda áfram að reyna að ná til.

### **Samstarfsaðilar námkeiðahalds**

Viska á í margvíslegu samstarfi, jafnt í Eyjum sem annars staðar. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar



## **Kvasir**

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Hlutverk Kvasis verður sífellt þýðingarmeira fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Eru miðstöðvarnar níu að tölu sem fyrr. Aðeins er þó breyttur vettvangur símenntunarmiðstöðvanna þar sem sumar þeirra eru nú orðnar partur af háskólasetrum en aðrar ekki. Undirrituð nýgengin úr stjórn Kvasis, eftir tæplega þriggja ára setu í stjórn.

Kvasir heldur tvo fasta fundi ár hvert, haustfund og vorfund sem er jafnframt aðalfundur. Var vorfundur 2007 haldinn á Selfossi og haustfundur á Egilsstöum.

Helstu verkefni sem unnin hafa verið innan Kvasis á árinu 2007 voru áframhaldandi vinna um fjármögnun háskólanáms hjá þeim símenntunarmiðstöðvum sem ekki eru titlaðar háskólasetur. Lauk þeirri vinnu með þeirri niðurstöðu að til verksins fengust 3 milljónir króna til þeirra miðstöðva sem ekki eru sameinaðar Setrum. Einnig hefur stjórn Kvasis unnið við gerð heimasíðu fyrir Kvasi og stjórn Kvasis hefur lagt mikla áherslu á að sameiginlegur miðlægur skráningargrunnur sé fyrir stöðvarnar. Er sú vinna svo komin eins og fyrr sagði að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur tekið að sér að láta vinna þetta kerfi.

## **Leikn**

Þann 25. apríl 2005 voru stofnuð samtök fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hlutu samtökin nafnið Leikn. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluáðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni, eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skóakerfis. Aðilar að samtökunum er nú sextán.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn tók við sæti Kvasis í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og hefur tekið upp samstarf með öðrum norrænum heildarsamtökum sama efnis.

Í fylgiskjölum má finna ársupplýsingar Leiknar.

## **FS-netið og Menntabré**

Viska á aðlild að FS-netinu, sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Nýr

aðili tók við stjórn FS-netsins seint á árinu 2007. Gerður var samningur við Vodafon í desember sl. og fá símenntunarmiðstöðvarnar nú þjónustu þeirra við gagnaflutning og þ.h. á FS-netinu

Viska er eignaraðili að Menntabrunni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Ísland og Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 hlut af brunni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Ýmsir aðilar hafa óskað eftir því að eiga aðgang að Menntabrunni en því verið hafnað hingað til. Má þar nefna símenntunarmiðstöðina Framvegis og fleiri.

### **Combar**

Viska er í evrópsku samstarfi með Dönum, Grænlandingum, Finnum og Englendingum um hindranir í námi og menntun leiðbeinenda í afskekktum og dreifðum byggðum. Nafnið Combar er dregið af orðunum Communications barriers eða samskiptum og hindrunum. Vinnan hefur verið gefandi og upplýsandi og mun síðasti fundur þess verkefnis verða í október n.k. á Grænlandi.

### **Annað samstarf**

Viska á í samstarfi við ýmsa aðila auk þeirra sem hér hafa verið taldir upp á undan. Má þar nefna Vinumálastofnun Vestmannaeyjum og á Selfossi, Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum, stéttarfélögin í Vestmannaeyjum, Nýsköpunarmiðstöðvar, atvinnuþróunarfélagsins auk margra fyrirtækja og stofnana.

## **Starfsáætlun 2008**

Í fylgiskjali I má sjá rekstraráætlun Visku fyrir árið 2008. Að öðru leiti fer stjórnarformaður Visku, Arnar Sigurmundsson yfir rekstraráætlun Visku og henni því ekki gerð ítarlegri skil hér.

### **Námskeiðahald**

Námskeiðahald á vorönn 2008 fór af stað með starfsdegi Ísfélags Vestmannaeyja eins og fyrri ár. Markviss verkefni Ísfélags og Visku er á lokastigi. Hefur það dregist fyrst og fremst vegna þess að tekin var ákvörðun um að bjóða öllu starfsfólki Ísfélagsins upp á náms- og

starfsráðgjafaviðtal. Hefur það skilað umtalsvert ítarlegri upplýsingum en ella.

Í námskeiðahaldi hjá Visku hefur orðið merkjanleg breyting. Aðsókn á tólmstundanámskeið hefur dregist saman á meðan aðsókn á alls kyns endur- og símenntunarnámskeið hefur aukist.

Starfsmenntaráð samþykkti tvær af þremur umsóknum frá Visku um styrk til gerðar námskeiða og námsefnisgerðar. Fékkst hálfkróna styrkur á námskeiðið “Saga Vestmannaeyja” og einnar milljónar króna styrkur á námskeiðið “Vistfræði Vestmannaeyja”. Munu bæði þessi námsekið verða í boði á haustönn.

Um þessar mundir er verið að vinna að námskeiðaundirbúningi og frjárhagsáætlanagerð vegna mótvægisáðgerða ríkisstjórnarinnar með áherslu á Vestmannaeyjar og Höfn. Eru þar í samvinnu Nýsköpunarmiðstöð staðsett í Vestmannaeyjum sem og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum með Visku. Í lok þessarar viku þarf að vera búið að senda í menntamálaráðuneytið skýrslu um fyrirhugaðar framkvæmdir.

## **Fjarnám**

### **Fjarnám á framhaldsskólastigi**

Viska og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum hafa haldið áfram samvinnu um kennslu til Hvolsskóla í Rangárþingu eystra. Að öðru leiti hefur Viska ekki sinnt kennslu á framhaldsskólastigi nema í próftöku fyrir hina ýmsa skóla sem þess óska.

### **Fjarnám á háskólastigi**

Nemum í grunnnámi á háskólastigi hefur ekki fjölgað hin síðustu ár. Hins vegar fjölgar þeim sem leita til Visku um tækifæri til viðbótar- eða endurmenntunar. Á vorönn hafa t.a.m. setið í húsnæði Visku tíu nemar sem sótt hafa framhaldsnám í löggildingu verðbréfa frá Háskólanum í Reykjavík í samstarfi við Símei og Visku.

Viska stefnir að því að geta boðið öllum nemum er stunda fjarnám upp á námsaðstöðu í húsnæði Visku óháð fjarnámsformi.

### **Háskólahátíð**

Þann 17. júní síðastliðinn var haldin háskólahátíð hér í Vestmannaeyjum í annað skipti. Var samkoman vel heppnuð sem fyrr og var það álit manna

að háskólahátíð í Eyjum væri orðin að hefð sem mikilvægt væri að halda í. Nú stefnir í að nokkur fjöldi nema útskrifist frá Háskólanum á Akureyri sem og fleiri skólum. Er það gleðilegt að segja frá því að rektor Kennaraháskóla Íslands hefur samþykkt að vera með okkur við þetta tækifæri að þessu sinni.

### **Samstarfsaðilar um fjarnám**

Samstarfsaðilar um fjarnám eru þeir sömu og verið en fjölgar frekar ef eitthvað er. Ekki er þá verið að tala um stofnun háskóla hins vegar hafa skólarnir í landinu óskað eftir auknu samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar og er það af hinu góða. Er þar helst að nefna á síðasta ári samningur sem Háskólinn á Bifröst gerði við Visku.

### **Sérverkefni**

Sérverkefni voru ýmis konar í vetur og felast fyrst og fremst í gerð starfsdaga fyrir fyrirtæki og stofnanir. Viska kom að undirbúningsvinnu um stofnun Þekkingarseturs og þarfagreiningu á auknu húsnæði í því sambandi.

### **Samantekt og framtíðarsýn**

Árið 2007 var það stærsta í sögu Visku. Aukningin í námskeiðahaldi hefur verið það mikil að starfsemin kallar á enn stærra húsnæði. Það verður því verkefni framtíðarinnar að skoða hvaða möguleikar eru í boði, bæði sjálfstætt og í samstarfi við Þekkingarnetið.

Vegna aukinnar starfssemi var ákveðið að bæta við hálfu starfi ritara vorið 2008. Það er Ester Garðarsdóttir sem sinnir því starfi fyrir Þekkingarnetið. Viska nýtur stórs hlutar af hennar tíma og þekkingu.

Símenntun á Íslandi er að mótast og þróast og heildarmyndin skýrist með hverju árinu sem líður. Aukið samstarf símenntunarmiðstöva við hið formlega skólakerfi svo sem við háskólana í landinu og við framhaldsskólana eykst með hverju árinu sem líður og það er til hins góða. Mikilvægt er þó fyrir símenntunarmiðstöðvarnar að halda sérkenni sínu sem er byggt á hugmyndafræði fullorðinsfræðslu með kennslufræði fullorðinna sem tæki. Þetta má ekki gleymast þar sem símenntunarmiðstöðvarnar eru sá aðili í menntakerfinu sem geta með sínu sveigjalega kerfi tekið á móti gríðarlega breiðum hópi nemenda sem margir hverjir eiga brotna skólasögu að baki úr hinu formlega skólakerfi.

Ég vil nota hér tækifærið og þakka fyrir það tækifæri sem ég hef fengið við að byggja upp Visku á þeim trausta grunni sem fyrir var þegar ég kom til starfa fyrir þremur árum síðan.

Valgerður Guðjónsdóttir  
Forstöðumaður Visku

## Fylgiskjal I

### VISKA Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vm.

#### Rekstraráætlun Visku 2008

Tekjur:

Framlag á fjárlögum 2008.....	kr.15.000.000
Framlag v/fjarkennslu á háskólastigi.....	kr. 3.000.000
Framlag á fjárlögum v/FS netsins.....	kr. 1.130.000
Innkomið v/ námskeiða.....	kr. 5.000.000
Samningar v/verkefna fyrir FA.....	kr. 1.500.000
Aðrar tekjur og styrkir.....	kr. 1.000.000

---

<b>Samtals tekjur</b>	<b>Kr. 26.630.000</b>
-----------------------	-----------------------

---

Gjöld:

Launakostnaður.....	kr. 7.700.000
Ökutækjastyrkur.....	kr. 300.000
Ferðakostnaður.....	kr. 500.000
Ritari, bókhald og endurskoðun.....	kr. 1.500.000
Náms- og starfsráðgjöf.....	kr. 1.200.000

Aðalfundur Visku miðvikudaginn 21. maí 2008  
Valgerður Guðjónsdóttir forstöðumaður

Bóknun til stjórnarmanna.....kr.	1.000.000
Kennslukostn. ofl..... v/ náms skeiða..... kr.	4.000.000
Stofnbúnaður.....kr.	1.300.000
Húsnæðiskostnaður.....kr.	1.500.000
Upplýsingakerfi, sími og FSnet..... kr.	2.500.000
Auglýsingar og kynningarstarf..... kr	1.100.000
Annar kostnaður..... kr.	1.200.000

Samtals rekstrargjöld og stofnbúnaður	kr. 23.800.000
Tekjur umfram gjöld.....	kr. 2.830.000

Rekstraráætlun 2008 lögð fram og tekin til afgreiðslu á stjórnarfundum í Visku 15. jan. 2008. Arnar Sigurmundsson

## Fylgiskjal II

### Tækja- og áhaldalisti

31.12.2003 uppfærður 06.03.2007

Tæki/áhöld	Staðsetning
Fjarfundabúnaður Polycom 2003	Rannsóknasetur Vestmannaeyja, suður
Fjarfundabúnaður VCON 2000	Rannsóknasetur Vestmannaeyja, norður
Fjarfundabúnaður PictureTel ISDN	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjalavarp	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki LG	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Toshiba TLG530 og loftfestingar	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Skjávarpi Mask og loftfestingar	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Prentari hp-deskjet 5550	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Fartölva Dell inspiron 8200 <b>ónýtt 2006</b>	Forstöðumaður
PC -tölva við VCON fjarf. búnað Dell	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
IPM tölvuskjár VCON fjarf. búnað	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Farsími Nokia <b>ónýttur 2005</b>	Forstöðumaður
Magnari Pioneer við VCON fjarf. búnað og 2 hátalarar	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Skrifborð	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Hillur – tvær einingar	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Hp þráðlaust lykklaborð og mús	Rannsóknasetur Vestmannaeyja

Práðlaus hljóðnemi WMS 40 AKG	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Ýmis skrifstofuáhöld – stimpill ofl.	Rannsóknasetur Vestmannaeyja

**2004**

Pappírstætarí	Rannsóknasetur Vestmannaeyja
Kaffikönnur/hitakönnur	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyjar og Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Búnaður í eldhúsi; glös, diskar, hnífapör, könnur, kökudiskar, ofl.	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Sjónvarp 100 riða tæki (Geisli – heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Myndbandstæki (Geisli – heiti?ath)	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Skjávarpi Mask C20 og loftfestingar	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja stofu 2

**2005**

Polycom myndfundabúnaður V500	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við myndfundabúnað V500	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Örbylgjuofn	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Samlokugrill	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Canon Digital IXUS 40	Hjá forstöðumanni
Sony Ericson farsími <b>ónýtur 2006</b>	Hjá forstöðumanni
Skype myndavél	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Hátalarar við tölvu Logitech	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Útvarp Scott	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

**2006**

Aego, bassabox og hátalarar við fjarfundabúnað	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Sýningartjald	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Motorolasími	Hjá forstöðumanni
Upptökutæki	Hjá forstöðumanni
Dell skjár model nr. M992	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Dell Latitude D 600	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Swich þriggja porta	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Mini Optical Mouse	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Kingston usb kubbur 512 MB	Hjá forstöðumanni
12 fartölvur Levano IBM	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
2 borðtölvur IBM TC M52	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
2 IBM Skjáiir 19”	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
10 borð	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Prentari Lexmark C524	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

**2007**

Whirlpool kælikápur	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja
Silver line plöstunarávél	Rannsókn- og fræðasetur Vestmannaeyja

Auglýsingastandur	Rannsóknna- og fræðasetur Vestmannaeyja
Airis Mini Cadenda hljómfl.tæki	Rannsóknna- og fræðasetur Vestmannaeyja
Sony 46" Bravia Plasmasjónvarp	Rannsóknna- og fræðasetur Vestmannaeyja
Samsung 50" LCT sjónvarp	Rannsóknna- og fræðasetur Vestmannaeyja
Olympus E410 myndavél	Hjá forstöðumanni
Dell XPS M 1330 fartölva	Hjá forstöðumanni

### Fylgiskjal III



## Ársreikningur 2006

### Rekstur

<b>Tekjur</b>	
Félagsgjöld 2005	kr. 30.000
Félagsgjöld 2006	kr. 450.000
Fyrirfram greitt félagsgjald	kr. 30.000
Styrkur	kr. 500.000
Vextir og gjöld	kr. 71.180



Samtals	kr. 1.081.180
<b>Kostnaður</b>	
Þjónustugjöld og vextir	kr. 4.829
Fjármagnstekjuskattur	kr. 6.558
Rekstur heimasíðu	kr. 21.489
Aðkeypt þjónusta	kr. 153.122
Árgjald EAEA	kr. 83.363
Norrænt samstarf	kr. 157.972
Afskrift	
Samtals	kr. 427.333
<b>Eign 31.12.2006</b>	
Sérkjarareikningur 0542- 26-5150	kr. 1.311.183
Skuld v/ógreiddra félagsgjalda	kr. 30.000

Afskrifa þurfti skuld kr. 30.000 sem var útistandandi árið 2005.

## Fylgiskjal IV



### 3. aðalfundur 22.4.2008

#### Starfsemi Leiknar 2007 – 2008

Skýrsla formanns, Smára Haraldssonar.

Annar aðalfundur Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, var haldinn fimmtudaginn 25. maí 2007.

Á fundinum var stjórnarkjör. Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, var kjörinn formaður. Aðrir í stjórn voru kjörin Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Hildur Elín Vignir, IÐUNNI fræðslusetri, Hulda Ólafsdóttir, Mími-símenntun og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Varafulltrúar voru kjörnir Björg Árnadóttir, Námsflokkum Reykjavíkur og Emil Björnsson, Fræðsluneti Austurlands. Öll stjórnin var þannig endurkjörin, nema Hildur Elín sem kom ný inn í stjórn.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Kristín Jónsdóttir, Kvöldskóla Kópavogs og Finnur Þ. Gunnþórsson, Námsflokkum Hafnarfjarðar.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Hulda var kjörin varaformaður, Guðjónína gjaldkeri, Ingibjörg Elsa ritari og Hildur Elín meðstjórnandi.

Stjórn Leiknar hefur haldið 7 bókaða fundi frá aðalfundi 2007. Hafa varamenn alltaf verið boðaðir á fundina. Var það gert til að víkka út starfsemi og virkja sem flesta. Fundirnir hafa allir verið haldnir í Reykjavík.

Aðilar að Leikn eru nú 18.

Helstu mál sem stjórnin hefur unnið að eru:

## 1. Samningur um daglega starfsemi Leiknar.

Stjórnin markaði þá stefnu að dagleg umsýsla fyrir Leikn skyldi fylgja formanni. Þess vegna gerði Leikn samning við Fræðslumiðstöð Vestfjarða þar um. Fellur sá samningur úr gildi þegar núverandi formaður lætur af embætti. Anna Guðrún Edwardsdóttir hefur séð um þessi mál fyrir hönd Fræðslumiðstöðvarinnar.

## 2. Heimasíða Leiknar.

Leikn fékk á sínum tíma 500 þúsund króna styrk frá menntamálaráðuneytinu til að koma upp heimasíðu fyrir samtökin. Var fyrsta síðan vistuð undir Mennt (mennt.is). Þegar samtökin Mennt voru lögð niður var gerð heimasíðu boðin út. Þrjú aðilar buðu í verkið og var samið við Snerpu ehf á Ísafirði um gerð heimasíðunnar, ásamt hýsingu léns og vefumsjón.

Er síðan nú komin í gagnið undir slóðinni [www.leikn.is](http://www.leikn.is).

Síðan er að mestu opin öllum sem inn á hana fara. Þó er undirsíða sem kallast Innranet lokuð og þarf aðgangsorð til að komast þar inn. Hefur öllum forstöðumönnum verið sendur aðgangur að henni.

Á síðunni er flípi fyrir upplýsingar á ensku og er verið að setja efni þar inn.

Heimasíðan er ekki hugsuð sem fréttasíða, heldur til að veita almennar upplýsingar um Leikn.

## 3. Málþing um lýðræði.

Leikn stóð fyrir málþingi í samstarfi við NVL um lýðræði, undir yfirskriftinni *Vald, lýðræði og virk samfélagsþátttaka*. Var þingið haldið í framhaldi af vinnu innan NVL og útgáfu skýrslu er kallast DEMOS.

Málþingið var haldið í Norræna húsinu í Reykjavík, föstudaginn 16. nóvember 2007. Frummælendur voru John Steen Johansen, ritstjóri DEMOS í Danmörku, Aðalsteinn Baldursson, Ása Hauksdóttir, Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Hulda Ólafsdóttir og Ólafur Páll Jónsson. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir fréttamaður stjórnaði pallborði og umræðum og Anna Vilborg Einarsdóttir hjá NVL var fundarstjóri.

Málþingið þótti takast vel og var þátttaka sémileg.

## 4. Erlent samstarf.

Heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila í hverju Norðurlandanna hafa með sér regnhlífarsamtök, er samsvara Leikn. Öll þessi samtök reka þó sjálfstæðar skrifstofur með föstu starfsfólki og eru á þann veg ólíkar Leikn. Þessi samtök hafa með sér mikið samstarf og funda reglulega tvisvar á ári. Við höfum kallað þetta samstarf *Norræna samráðið (Folkbildning Norden)*. Annan fundinn sitja einungis norrænu aðilarnir, framkvæmdastjórar og annað starfsfólk eftir því sem við á, en hinn fundurinn er með systursamtökunum í Eystrasaltsríkjunum. Leikn hefur frá upphafi tekið þátt í samstarfi þessara aðila.

Frá síðasta aðalfundi hefur samráðið haldið tvo fundi.

Fyrri fundurinn var haldinn í Stokkhólmi dagana 25. og 26. október 2007. Þann fund sótti Emil Björnsson.

Seinni fundurinn var haldinn í Osló 14. og 15. febrúar 2008. Þann fund sóttu Smári Haraldsson og Anna Guðrún Edvardsdóttir.

Næstu fundir samráðsins verða 8. október n.k., í Kaupmannahöfn og síðan 5. og 6. febrúar í Vilnius.

Norrænu samtökin eru virkir þátttakendur í Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og Alþjóðasamtökunum (ICAE)

Leikn er aðili að EAEA og hafa hinir norrænu félagar verið tengiliðir okkar við þau samtök. Leikn hefur ekki treyst sér til að ganga í ICEA.

## **5. Umhverfismál og fullorðinsfræðslu**

Stjórn Leiknar hefur ákveðið að boða til samræðu um umhverfismál og fullorðinsfræðslu. Var áformað að halda málþing um það efni nú að loknum þessum aðalfundi, en af því gat ekki orðið.

Þetta verkefni bíður því stjórnarinnar.

## **6. Staða Leiknar og framtíðarhlutverk.**

Eftir því sem Leikn verður þekktari innan fullorðinsfræðslunnar er meira leitað til samtakanna um mál er varða þetta menntastig. Á það ekki síst við opinbera aðila hér innanlands og erlenda aðila.

Þetta var einmitt einn megintilgangur samtakanna. Þau áttu að vera sameiginleg rödd fullorðinsfræðslunnar á Íslandi, jafnt innanlands sem utan. Til þess er enginn annar aðili á landinu.

Samtökin voru líka hugsuð til að vera félagslegur og faglegur stuðningur við stofnaðila.

Því hlutverki hefur ekki tekist að sinna sem skyldi. Fyrir utan stjórnarfólk hafa aðilar lítið hist. Þess vegna er rétt að við skoðum nú stöðu okkar og hugleiðum hvernig við getum betur sinnt því hlutverki.

Þar er einkum tvennt sem ég tel að eiga að skoða.

*Í fyrsta lagi er það hverjir eigi að vera meðlimir í þessum samtökum.*

Þegar við fórum af stað ákváðum við að hafa skilyrðin þröng fyrir aðild. Þau voru þó heldur rýmkuð á síðasta aðalfundi. Nú er spurning hvort ekki eigi að rýmka þessi skilyrði enn frekar. Þar sem samtökin Mennt hafa verið lögð niður vaknar spurning

hvort Leikn eigi að koma. að einhverju leyti. í þeirra stað. Ef tekin yrði ákvörðun um það væri enn frekari þörf á að rýma inntökuskilyrði að Leikn.

Ég vil gera það að tillögu minni að á þessum aðalfundi verði kosinn starfshópur til að skoða þessi mál og leggja hugmyndir sínar fyrir stjórn Leiknar.

*Annað atriði sem ég tel að þurfi að skoða er samstarf Leiknar og Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Samstarf innan Kvasis er mjög gott og náð. Kvasir er félögum sínum greinilega þessi faglegi og félagslegi bakhjall sem Leikn er ekki sínum aðilum. Kvasir heldur t.d. tvo reglulega fundi árlega. Það er vafamál að Kvasisliðið geti bætt á sig umfangsmiklu starfi innan Leiknar. Þess vegna hef ég sett fram þá hugmynd að hvor samtökin um sig haldi einn ársfund. Annar fundurinn verði á vegum Kvasis fyrir Kvasisfélaga og hinn á vegum Leiknar. Þessari hugmynd hef ég komið á framfæri innan Kvasis og verður hún vonandi rædd nánar síðar á þessum fundi.*

### **Lokaorð.**

Ég hef nú ákveðið að draga mig í hlé sem formaður Leiknar. Kemur þar hvoru tveggja til að ég er upptekinn maður, sem hef nógu öðru að sinna, en þó miklu fremur hitt að það er sannfæring mín að hlutverkum innan Leiknar eigi að skipta á milli fólks og stuðla þannig að því að virkja sem flesta.

Starfið innan Leiknar; ekki síst með stjórninni, hefur veitt mér mikla ánægju. Ég vil þakka stjórninni fyrir mjög ánægjulegt samstarf, sem og skoðunarfólki og öðrum sem ég hef starfað með á þessum vettvangi. Ég stend upp úr formannssætinu mjög sáttur og sæll og mun hér eftir sem hingað til vera tilbúinn að leggja þessum samtökum það lið sem ég get.

## **Fylgiskjal V**

### **Minnisblað**

**Sendandi:** Stjórn Kvasis (ÓH, EBG, IDH)

**Viðtakandi:** Stjórn Leiknar

**Dags.:** 18. apríl 2008

**Efni:** Erindi formanns Leiknar um breytta starfsemi og samstarf Kvasis og Leiknar

Fyrir vörfund Kvasis á Akureyri, 9. apríl 2008, lá fyrir erindi Smára Harldssonar, formanns Leiknar, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, varðandi breytingar á samstarfi Leiknar og Kvasis. Ekki náðist mikil umræða um málið á vörfundinum en nýrri stjórn Kvasis var falið að fjalla um þetta mál og bera tillögu upp við félagsaðila Kvasis áður en brugðist yrði við.

Með vísan í bréf Smára Harldssonar dags. 7.4.2008 eru hér birtar hugmyndir hans:

1. "Samtökin Leikn verði opnuð fyrir fleiri aðilum en nú fá inngöngu. Með því yrði meiri munur á Leikn og Kvasi, sem auðveldaði báðum samtökunum að lifa. Benda má á að síðan samtökin Mennt voru lögð niður gæti hafa komið upp þörf á samstarfi, sem ekki var á meðan Mennt lifði."
2. "Að hjá hvorum samtökunum um sig verði haldinn einn ársfundur, sem jafnframt verði aðalfundur viðkomandi samtaka. Í tengslum við þennan ársfund komi sem flestir saman og geri eitthvað sér til gamans og gagns, svo sem fundi um ákveðinn mál eða haldi ráðstefnu. Það sem ég er með í huga er í raun að annar árlegur fundur Kvasis falli niður og í stað hans haldi Leikn fundinn."

---

Stjórn Kvasis hefur farið yfir málið og gerir eftirfarandi tillögur:

- Kvasir starfi áfram í óbreyttri mynd sem samtök fræðslu-/símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.
- Samtökin Leikn verði heildarsamtök allra fullorðinsfræðsluaðila á landsvísu (opnuð fyrir fleiri aðila ef stjórn Leiknar telur það efla og bæta starfseminu).
- Haldinn verði einn árs-/aðalfundur hjá hvorum samtökum, Kvasi og Leikn, annar að hausti og hinn að vori. Samráð verði haft um fyrirkomulag, staðsetningu og skipulag fundanna.
- Kvasir haldi félagsfund í tengslum við ársfund Leiknar (vor eða haust eftir því sem ákveðið verður). Þannig haldast regluleg fundarhöld Kvasis, eins og verið hefur, þrátt fyrir að Leikn taki yfir umsjón annars fundarins (vor eða haust).